

undir tollskrárnúmer 87.02.29 í 1. gr. tollskrárlaga. Niðurfelling tolls er bundin því skilyrði að bifreiðarnar verði taldar upprunavörur í skilningi auglýsingar nr. 680/1980 um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) og viðbótarbókun við þann samning vegna aðildar Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 287/1981 um breyting á henni.

Tollur af nefndum vörum sem upprunnar eru á Spáni í skilningi ákvæða auglýsingar nr. 267/1980 um sérstaka tollmeðferð vegna viðskiptasamnings EFTA-landanna og Spánar, sbr. auglýsingu nr. 384/1980, lækkar í 12%.

Við tollmeðferð á nefndum vörum skal greiða 3% jöfnunargjald, sbr. 1. gr. laga nr. 78/1980 um jöfnunargjald.

*Fjármálaráðuneytið, 17. febrúar 1984.*

**Albert Guðmundsson.**

*Sigurgeir A. Jónsson.*

## AUGLÝSING

**um breyting á auglýsingu nr. 8 2. janúar 1981 um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og/eða sölugjalds af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar, sbr. auglýsingu nr. 88 2. febrúar 1981, auglýsingu nr. 219 23. apríl 1982, auglýsingu nr. 93 21. febrúar 1983 og auglýsingu nr. 192 6. apríl 1983 um breyting á henni.**

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr upptalningu tollskrárnúmera í 1. gr. auglýsingarinnar: 84.53.10, 84.53.20, 84.53.30, 84.53.40, 84.53.50, 84.53.60 og 84.55.21.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 16. febrúar 1984.*

**Albert Guðmundsson.**

*Björn Hafsteinsson.*